

Alþingi
Eriundi nr. P 133/185
komudagur 22.11.2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum, þskj. 190 – 189. mál.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á skipulagi búnaðarfræðslu í landinu. Megin-tilgangur frumvarpsins felst í því að gera Hólaskóla að háskóla. Umsögn BSRB um framangreint frumvarp lýtur eingöngu að réttindum starfsmanna en ekki sjálfri kerfisbreytingunni. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er m.a. kveðið á um að starfsfólki skólans skuli boðin störf hjá Hólaskóla – háskólanum á Hólum. Í 1. mgr. segir svo:

Störf hjá Hólaskóla eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsfólki stofnunarinnar skulu boðin störf hjá Hólaskóla – Háskólanum á Hólum.

BSRB telur að þrátt fyrir að verið sé að gera Hólaskóla að háskóla sé ekki um svo mikla breytingu að ræða að til þess þurfi að koma að leggja niður störf og segja upp starfsfólki. Með þessari breytingu er verið að setja réttindi starfsmanna og starfsfólk stofnunarinnar í óvissu. Þrátt fyrir að í bráðabirgðaákvæðinu segi að starfsfólki stofnunarinnar skuli boðin störf hjá hinum nýja háskóla segir þar ekkert um hvernig réttindi þeirra, áunnin eða til framtíðar verði tryggð. BSRB leggur því áherslu á að réttindi starfsmanna samkvæmt kjarasamningum eða ráðningarsamningum verði ekki skert við lögfestingu frumvarpsins.

fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir